

Sæll, Bjarni.

Ráðuneytið fer þess á leit við háttvirta umhverfis- og samgöngunefnd að 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019 (úrbætur á póstmárkaði), **þingskjal 183 – 181. mál**, sem er til meðferðar hjá nefndinni, verði fellt út úr frumvarpinu í meðförum nefndarinnar og afgreiðslu málsins hraðað eins og kostur er. Ákvæðið varðar svo sem kunnugt er heimild til að setja upp bréfastassamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga á höfuðborgarsvæðinu og í öðru þéttbýli.

Ástæður fyrir þessari breytingu er sú í fyrsta lagi að fulltrúar ráðuneytisins hafa fundað með fulltrúum Öryrkjabandalags Íslands um ákvæðið og nauðsynlega reglugerðarvinnu. Í ljós kom að reglusetningin er tímafrek og útfærslan flóknari en vonir ráðuneytisins stóðu til. Í öðru lagi hefur Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, gengið fast á eftir því að tvær reglugerðir sem setja á lagastoð fyrir í 3. og 4. gr. frumvarpsins verði innleiddar með reglugerð. ESA hefur sent áminningarbréf vegna gerðanna tveggja. Þau eru dagsett 12.10.2023. Tveggja mánaða svarfrestur er á bréfum ESA sé ekki annað tekið fram. Að þeim tíma liðnum má gera ráð fyrir að ESA stígi næsta skref í málinu verði gerðirnar ekki innleiddar. Það yrði þá formal notice/formlegur fyrirvari bréf. Að því loknu rökstutt álit/Reasoned Opinion bréf. Verði ekki búið að innleiða gerðirnar eftir það yrði málinu vísað til EFTA-dómstólsins. Ekki er ólíklegt ef ekki verður af innleiðingu að Íslandi yrði stefnt vegna gerðanna haustið 2024. Vegna bréfs ESA er ráðuneytinu nauðugur sá kostur einn að leggja til við nefndina að fella ákvæðið út úr frumvarpinu.

Þá er einnig mikilvægt að ljúka við þá leiðréttingu sem felst í 1. gr. frv. að leiðrétt mistök sem urðu við flutning stjórnsýslu póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar með lögum 98/2019, en með lögunum var orðunum „Póst- og fjarskiptastofnun“ breytt í orðið „Byggðastofnun“ í I. og II. kafla laga um pósthjónustu en mistök leiddu til þess að hugtakabreyting þessi skilaði sér ekki í aðra kafla laganna. Nauðsynlegt er að bæta úr þessu og er það m.a. tilgangur þessa frumvarps.

Bréf þetta er sent til þóknanlegrar meðferðar.

Fyrir hönd ráðherra,  
eu.

Skúli Þór Gunnsteinsson



**Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur / Senior Legal Adviser**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.im.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)